

# Skólastefna Strandabyggðar



## Inngangsorð

Í skólafélaginu Strandabyggðar eru tíundaðar þær áherslur sem skulu vera leiðarmerki skólafélags sveitarfélagsins. Skólafélaginu skal taka mið af þeim gildum sem allir aðilar skólafélagsins vilja að einkenni skólafélagsins og þeim áherslum sem lög, reglugerðir og aðalnámskrár segja fyrir um. Félaginu markar framtíðarsýn Strandabyggðar í skólafélaginu og á erindi til alls sveitarfélagsins. Hún á að vera leiðarmerki að áframhaldandi uppbyggingu árangursríks skólafélagsins í sveitarfélaginu.

Við gerð fjárhags- og starfsáætlana sveitarfélagsins þarf að taka mið af þeim áherslum sem í stefnunni birtast.

Gæði og árangur í starfi skólanna byggist á framlagi margra. Til að vel takist til þurfa allir að leggja sig fram, sýna áhuga og umhyggju og láta sig málefni skólanna varða. Við sem skipum ritnefnd höfum lagt

okkur eftir því að gefa öllum íbúum sveitarfélagsins tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Að samfélagið allt láti sig skólafélaginu varða er ein meginforsenda árangurs nemenda bæði námslega og félagslega. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir hjá foreldrum en hlutverk skóla er að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótun barna og unglinga. Þessi sameiginlega ábyrgð kallar á nán tengsl og samstarf. Gott samstarf heimila og skóla er besta leiðin til að auka vellíðan nemenda og bæta námsárangur.

Skólarnir eru hjarta hverrar byggðar og því mikilvægt að góð samskipti og gagnkvæm virðing ríki á milli skólanna og sveitarfélagsins í heild.

Allir nemendur eiga rétt á þátttöku í skólafélaginu á eigin forsendum, þannig leggjum við grunn að jákvæðum skólafélaginu. Allt skólafélaginu stendur og fellur með því að gleði og hamingja nái þar fótfestu.

Það er ósk okkar og von að skólafélaginu Stranda-byggðar verði til að bæta enn skólafélaginu og auka árangur og vellíðan allra í skólafélaginu og þá um leið allra íbúa sveitarfélagsins.

# Leiðarmerki vísa veginn

## Í skólafestu Strandabyggðar er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- að nám nemenda efla hæfni þeirra og færni til að nýta hæfileika sína, sér og samfélaginu til heilla
- að skipulag skólanna og uppeldisstarfs efla lýðheilsu
- að stuðla að umhverfisvitund og sjálfbærri hugsun hjá öllum er tilheyra skólasamfélaginu, þar sem lögð er rækt við sérstöðu umhverfis, sögu og menningu sveitarfélagsins
- að það sé gaman í skólunum og daglegt skólastarf fjölbreytt og skemmtilegt fyrir alla
- að skólarnir nýti þá hæfileika og krafta sem búa í nærsamfélaginu til að auðga og styrkja skólastarfið
- að styrkja og efla samstarf leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla sem stuðlað getur að samfelldri heild í skólagöngu barna sveitarfélagsins
- að meta reglulega skólastarf með það að leiðarljósi að tryggja nemendum góða líðan, menntun og gott starfsumhverfi
- að sérfræðipjónusta skólanna þjóni fjölbreyttum þörfum skólasamfélagsins og geri þá enn betur í stakk búna að leysa sem flest mál sjálfir

# Nám & uppeldi

*Skólastarf í Strandabyggð miðar að því að nám nemenda efla hæfni þeirra og þroska þannig að þeir nýti hæfileika sína, sér og samfélaginu til heilla.*

## Markmið:

- Skólabragur skal einkennast af gleði og jákvæðni
- Nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og þroska við sitt hæfi
- Samstarf heimila og skóla einkennist af trausti, virðingu og gagnkvæmum stuðningi

Nám og kennsla stuðli að því að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun og hæfni til að tjá skoðanir sínar. Í skólunum fléttist saman leikur og starf. Lögð sé áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og skapandi starf þar sem nemendur fá tækifæri til að þroska sköpunarhæfni sína.

Til að tryggja árangur og velferð nemenda þarf að viðhalda góðu samstarfi, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla sem stuðlað getur að samfelldri heild í skólagöngu barna í sveitarfélaginu. Sérstakur stuðningur og sérkennsla á að vera eðlilegur hluti skólastarfsins í skóla fyrir alla.

Vinna þarf heildaráætlun og skipuleggja stuðning fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Fyrir hvern nemanda sem nýtur sérkennslu skal gerð einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá tekur til námshraða, námsefnis, skammtíma- og langtímamarkmiða, kennsluaðferða, kennslufyrirkomulags og skal ávallt unnin í samráði við foreldra. Einstaklingsnámskrá vísar veginn og stuðlar að því að nemendur þroski hæfni sína til sjálfs- og námsaga.

Samræmd könnunarpróf eru hluti af námsmati grunnskólans og er árangur á þessum prófum einn af þeim mælikvörðum sem notast er við þegar lagt er mat á gæði skólastarfs. Leggja skal áherslu á að meta með fjölbreyttum hætti aðra hæfileika nemenda en þá sem samræmt námsmat mælir. Stjórnendur skólamála sveitarfélagsins nýta nýjustu menntarannsóknir skólastarfinu til heilla. Mat á árangri skólastarfsins er hluti af góðum stjórnunarháttum og er ætlað að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá menntun og þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er lögbundið verkefni. Leggja skal áherslu á að skapa aðstæður í skólastarfinu þannig að nemendur fái möguleika til að stunda menningu, listir og íþróttastarf.



# Heilbrigði & velferð

*Skipulag skóla og uppeldisstarfs í Strandabyggð eflir lýðheilsu barna og unglinga.*

## Markmið:

- Skólastarf stuðli að því að nemendur eigi auðvelt með að taka skynsamlegar ákvarðanir sér og sínum til heilla
- Efla skal skilning nemenda og hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra
- Í skólastarfi þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og velferð

Í skóla- og uppeldisstarfi Strandabyggðar er mikilvægt að kenna nemendum að bera ábyrgð á eigin heilsu og leggja rækt við heilbrigða lífshætti. Hreyfing, hollur matur, hvíld, jákvæð sjálfsmynd og félagsfærni skipta þar miklu sem og öflug íþrótta-kennsla, forvarna- og frístundastarf.

Skólarnir leggi áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi. Rækta þarf hæfni barna og unglinga til heilbrigðra skoðanaskipta í skóla-umhverfi þar sem unnið er gegn hvers kyns áhættu- hegðun, fordómum og ofbeldi.

Skólarnir vinni eftir skýrum verklagsreglum þegar upp koma atvik sem tengjast áhættu hegðun, fordómum eða ofbeldi í skólasamfélaginu. Verklagsreglur skulu vera aðgengilegar.

Þegar gleði ríkir í skólastarfinu og samskipti eru á jákvæðum nótum er líklegra að öllum líði vel og umhverfið sé heilsueflandi andlega og líkamlega.

Sérfræðiþjónusta skóla á að efla skólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skólanna leiðbeiningar og aðstoð eftir þörfum, svo sem vegna nýbreytni og þróunarstarfa. Þjónustan á að ein-kennast af sameiginlegri lausnaleit sérfræðinga, kennara og foreldra í þeim úrlausnarefnum sem aðilar skólasamfélagsins standa frammi fyrir.



# Lýðræði & mannréttindi

*Skólastarf og samskipti í skólum skal einkennast af virðingu og tillitsemi.*

## Markmið:

- Í skólastarfi skal lögð áhersla á umhyggju og velvilja
- Stuðla skal að því að börnin læri að bera virðingu fyrir náunganum
- Jafnréttis sé gætt í hvívetna

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni allra til að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun og jákvæð styrking þeirra skal fléttast saman við annað starf í skólunum. Mikilvægt er að í öllu námi sé tekið tillit til áhuga nemenda og þeir hvattir til ábyrgðar á eigin námi.

Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Nemendur eiga að fá tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar og tekið skal tillit til skoðana þeirra, allt eftir aldri, þroska og eðli máls. Áhugi sem börn sýna og fjölbreytilegar þarfir þeirra eiga að vera sá grunnur sem mótar starfshætti skólanna. Gera þarf ráð fyrir samstarfi við grenndarsamfélagið, en slíkt samstarf er einn af lykilþáttum sjálfbærni. Það er eitt af verkefnum skólastjóranna að leiða lýðræðislegt samstarf aðila skólasamfélagsins. Mikilvægt er að skólarnir séu í virku samstarfi við aðrar stofnanir og félög sem vinna að velferð og heilbrigði barna og unglunga í Strandabyggð.

Skólarnir nýti þann fjársjóð sem felst í fjölbreytileika samfélagsins til að efla þá fræðslu sem nemendur fá, sem stuðlar að aukinni víðsýni, fordómaleysi og vitneskju um heiminn.





# Umhverfi & aðbúnaður

*Lögð er áhersla á færni nemenda til að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Allur aðbúnaður og aðstaða skal vera til fyrirmyndar, nemendum og starfsfólki til hagsbóta. Skólarnir séu í góðum tengslum við nærsamfélagið og nýti kosti þess.*

## Markmið:

- Stuðla að umhverfisvitund og sjálfbærri hugsun hjá starfsfólki og nemendum
- Leggja skal rækt við sérstöðu umhverfis, sögu og menningu sveitarfélagsins
- Að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þar með talið úti-vistar- og leiksvæði
- Virk og góð tengsl á milli samfélagsins og skólanna þar sem gagnkvæm virðing og áhugi ríkir er mikilvæg



Hugtakið sjálfbærni felur m.a. í sér að við skilum umhverfinu til afkomenda í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Nemendum sé kennt að umgangast nánasta umhverfi sitt af virðingu og alúð og leggja þannig grunn að samfélagi sem einkennist af samkennd og ábyrgð. Skólarnir skulu nýta það sem nærumhverfið hefur upp á að bjóða af sögu- og náttúrulegum verðmætum. Mikilvægt er að góðar aðstæður séu í skólunum til skapandi starfs og kennslu í list- og verkgreinum. Til þess þarf að hafa bestu tæki, tól og námsefni, auk góðrar kennslu- aðstöðu. Leitast skal við að fylgja breytingum og nýjum áherslum á þessu sviði. Huga þarf að umhverfi skólanna og að aðgengi sé við allra hæfi. Árangursríkt skólastarf veltur á því að allir aðilar skólasamfélagsins séu fúsir til samvinnu og upplýsingagjafar. Þetta er einungis mögulegt með flæði upplýsinga á milli allra aðila, nemendum til hagsbóta. Starfsfólk skólanna þarf að fylgjast vel með þróun í upplýsingatækni og kennsluháttum og nýta þá þekkingu til að efla framsækið og sveigjanlegt skólastarf.

Skólarnir eru hjarta byggðarlagsins og því mikilvægt að góð samskipti og gagnkvæm virðing ríki á milli þeirra og samfélagsins í heild. Grenndarsamfélagið hefur áhrif á mótun og þroska þeirra einstaklinga sem þar búa. Mikilvægt er að samfélagið gefi nemendum skólanna fordæmi til eftirbreytni og sé þeim góð fyrirmynd. Tengsl skóla og atvinnulífs skipta miklu máli og ættu skólarnir að leggja sig eftir því að efla þau tengsl.

Hvetja skal nemendur til þátttöku í þeim viðburðum sem fara fram í samfélaginu og auka þannig hjá þeim vitund og þekkingu á nánasta umhverfi. Þekking nemenda á sögu Strandabyggðar, náttúrunni og umhverfinu er mikilvæg. Í skólanámskrám þarf að gera grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nær-samfélagið er háttað.

# Samvinna skólastiga

*Með öflugu samstarfi vinna starfsmenn skólanna að því að nám og uppeldisstarf verði heildstætt frá fyrsta skóladegi til síðasta.*

## Markmið:

- Leggja skal áherslu á sveigjanleika í starfsháttum og tengsl skólastiga með þarfir barnanna að leiðarljósi
- Skólarnir nýti samstarfsmöguleika sem bjóðast við skóla í öðrum sveitarfélögum

Nám og kennsla stuðli að vellíðan og öryggi. Samstarf skólastiga beinist að því að koma í veg fyrir að rof myndist í námi barnsins við flutning milli skóla. Mynda þarf samfellda heild í skólagöngunni þannig að reynsla og nám úr leikskólanum nýtist í grunnskólanum og þegar barnið flyst úr grunnskóla í framhaldsskóla. Þróa þarf faglegt samstarf kennara skólastiganna til að ná settum markmiðum. Flæði upplýsinga og faglegt samtal skulu vera á milli skólastiga.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra starfrækir dreifnám sem staðsett er á Hólmavík í samvinnu við sveitarfélagið. Lögð skal áhersla á að efla tengsl grunnskólans við dreifnámið. Kennarar mismunandi skólastiga þurfa að kynna sér áherslur hvers annars, með upplýsingagjöf og sameiginlegum fagfundum. Fjalla skal um samvinnu milli skólastiga í skólanámskrám.





Ritnefnd:

Alma Benjamínsdóttir

Andrea Kristín Jónsdóttir

Guðjón E. Ólafsson

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Hönnun & umbrot:

Ásta Þórisdóttir

Silja Ástudóttir

Ljósmyndir:

Ásta Þórisdóttir

Jón Jónsson

Alma Benjamínsdóttir

Prentun:

Háskólaprent

Strandabyggð © 2015



BRONZE BENCHMARKED 2015

Sveitarfélögin á Vestfjörðum  
hafa náð mikilvægum áfanga í leið að  
umhverfisvottun EARTHCHECK

